



Fundargerð

249. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 17:00 í fundarsal Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

Mættir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri. Hanna Björg Konráðsdóttir varaformaður sat fundinn í gegnum Teams fjarfundarbúnað.

DAGSKRÁ

1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2021010430)

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta fjármál Reykjaneshafnar.

2. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)

Farið var yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbygginu í Njarðvíkurhöfn o.fl.

3. Hafnasamband Íslands. (2021010431)

Fundargerð 431. fundar Hafnasambands Íslands frá 22.01.2021. **Lögð fram til kynningar.**

4. Fiskistofa. (2021020460)

Bréf Fiskistofu dags. 16.02.21 þar sem óskað er umsagnar um umsókn til Fiskistofu frá Premium of Iceland ehf. um endurvigtunarleyfi á sjávarafli í starfsstöð fyrirtækisins að Bakkastíg 16 í Reykjanesbæ. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar gerir ekki athugasemd við úthlutun á viðkomandi endurvigtunarleyfi. Samþykkt samhljóða.*

5. Menningarstefna Reykjanesbæjar. (2019051729)

Menningar- og atvinnuráð Reykjanesbæjar hefur lagt fram drög að menningarstefnu Reykjanesbæjar og óskar umsagnar Reykjaneshafnar varðandi þau drög. Eftirfarandi var lagt fram: *Fyrirliggjandi eru drög að menningarstefnu Reykjanesbæjar sem eru til vinnslu hjá menningar- og atvinnuráði Reykjanesbæjar. Stjórn Reykjaneshafnar fagnar framkomnum drögum en telur ástæðu til að benda á mikilvægi hafntengdrar starfsemi í sögu samfélagsins. Að mati stjórnarinnar á þessi merkilega saga sjávarútvegsins að skipa veigamikinn sess í menningarstefnu bæjarins. Stjórn Reykjaneshafnar telur að hægt væri að efla hlut menningartengdrar ferðapjónustu með því að fræða gesti og gangandi á þessum stöðum um sögu sjávarútvegsins og þeirra útgerða og útvegsbænda sem settu mark sitt á sögu svæðisins. Samþykkt samhljóða.*

6. Þjónustu- og gæðastefna Reykjanesbæjar. (2021020193)

Bæjarráð Reykjanesbæjar er með til umfjöllunar drög að þjónustu- og gæðastefnu Reykjanesbæjar og óskar umsagnar Reykjaneshafnar varðandi þau drög. Eftirfarandi var lagt fram: *Fyrirliggjandi eru drög að þjónustu- og gæðastefnu Reykjanesbæjar sem eru til umfjöllunar hjá bæjarráði Reykjanesbæjar. Stjórn Reykjaneshafnar fagnar framkomnum drögum og leggur til að þau verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

7. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2021010434)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi hafnarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.